

Mál nr. 197/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bónda (A).****Ágreiningur um bótaskyldu er sauðkind stökk á konu svo hún féll við og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttengið 22.5.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.7.2019.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu, dags. 6. júlí 2017, kvaðst M hafa hinn 20. maí 2017 verið gestkomandi á tilteknum bóndabæ hjá A þar sem sauðburður stóð yfir. Hafi hún verið þar nokkra stund og verið til aðstoðar er verið var að færa sauðkind ásamt lömbum til í fjárhúsum á bænum. Hafi hún varnað því að kindin kæmist út. Kindin hafi verið eitthvað stressuð og vildi komast út. Hafi hún rokið á M sem við það hafi kastast út, lent illa á hægri hlið á harðri malarjörðinni og orðið fyrir meiðslum á hægri öxl. Kveður M að sér hafi ekki verið leiðbeint um að standa ekki í dyrunum. Hún sé óvön og hafi ekki starfað við búskap. Í málskoti segir að við vinnu í kringum dýr geti hegðun þeirra verið mjög ófyrirsjáanleg. Því beri að fara með sérstakri varúð, einkum þegar sauðburður á sér stað og dýrin mjög óróleg og jafnvel árásargjörn. Þar sem M hafi verið gestkomandi á bænum og óvön sveitastörfum hafi hvílt sérstök skylda á A að huga að fullnægjandi öryggisráðstöfunum, leiðbeiningum og skipulagi við umrætt verk, þannig að hætta myndi ekki stafa af.

Hefur m krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut umrætt sinn. Samkvæmt upplýsingum A hafði umrædd ær verið látin jafna sig eftir sauðburð og hafi hún karað lömb sín á fjárhúshlaðinu. Síðan hafi átt að færa hana og lömbin í einstaklingsstíu inni í fjárhúsinu. Hafi það verið gert með þeim hætti að ærin hafi verið látin elta lömb sín þangað. Umrætt sinn hafi átt að færa ána í stíu á efri hæð í fjárhúsinu eftir sérstakri göngubraut. Þegar komið var með lömbin um hálfu leið upp göngubrána mun ærin hafa orðið órugg að elta lömbin og sótt aftur út á fjárhúshlaðið. M hafi staðið úti á fjárhúshlaðinu og gert sig líklega til að stíga upp í hlöðuna (fjárhúsið) og varna ánni útgöngu, óumbeðin. Í því hafi ærin ætt út og á M með þeim afleiðingum að hún féll og slasaðist.

Álit.

Aðila greinir að nokkru á um það hver hafi verið tildrög slyssins. Ósannað er að M hafi verið að störfum á bænum í tengslum við sauðburðinn og borið að hlýða sérstökum fyrirmælum þegar hún hugðist varna ánni útgöngu úr fjárhúsinu. Engin skýr sönnunargögn liggja fyrir um það að ær kunni að vera hættulegar við sauðburð þannig að A hafi borið að vara hana við mögulegri hættu sem gæti stafað af ánni þegar hún leitaði aftur útgöngu úr fjárhúsinu. Af gögnum málsins verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bónda hjá V.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.